

Fundur í Atvinnumálanefnd 15. mars 2010 kl. 17:00

Mætt voru Þorsteinn Sigurðsson, Magnús Bæringsson, Ólafur Guðmundsson formaður og Berglind Þorbergsdóttir.

1. Umsögn varðandi Upplýsingamiðstöð ferðamála í Stykkishólmi.

Fjallað var um rekstur upplýsingamiðstöðvar. Lagt fram bréf frá Golfklúbbum Mostra þar sem óskað er eftir viðræðum um aðkomu að rekstri upplýsingamiðstöðvar Stykkishólms sumarið 2010 sem vísað var til nefndarinnar frá bæjarráði. Ólafur og Magnús greindu frá viðtölum sínum við forstöðumann íþróttamannvirkja, Vigni Sveinsson og formann Golfklúbbsins Mostra, Högna Högnason.

Rætt var um kosti og galla staðsetningu upplýsingamiðstöðvar í Golfskála, Sundlaug Stykkishólms og Egilsenshúsi.

Nefndin tekur jákvætt í erindi golfklúbbsins að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ákveðið var að skila inn skriflegri umsögn um erindið.

2. Önnur mál.

Hugmynd kom upp um að gert yrði kynningarmyndband um Stykkishólmi. Einfalt myndband með helstu upplýsingum um bæinn og þá þjónustu sem er í boði sem væri sem dæmi sýnt í upplýsingamiðstöðinni. Gæti verið gott verkefni fyrir eldri nemendur grunnskólans eða framhaldsskólans.

Nefndin tekur undir bókun Bæjarstjórnar Stykkishólms varðandi mótmæli á áframhaldandi lækkun byggðakvóta úr 210 tonnum í 150 tonn og telur það gagnrýnisvert að byggðakvóta sé ekki úthlutað fyrir áramót ár hvert. Reynslan hefur sýnt að vinnslur í Stykkishólmi hafa klárað sínar aflaheimildir um hver áramót. Með því að úthluta byggðakvóta um áramót megi koma í veg fyrir ótímabærar stöðvun vinnslu og uppsagnir starfsfólks.

Fundi slitið kl. 18:00